



## **1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2017 - 2018 haldinn fimmtudaginn 31. ágúst 2017 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Frosti Jónsson, Sigrún María Jörundsdóttir og Þorgerður Anna Arnardóttir. Fundinn sátu einnig Tinna Ösp Arnardóttir fulltrúi kennara, Rebekka Þurý Pétursdóttir fulltrúi nemenda, Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

### **1. Fjármál skólans**

Nefndarmenn höfðu fengið sent rekstraryfirlit til og með ágúst. Fjárhagslegt svigrúm skólans er lítið. Nýtt vinnumat hækkun launa kennara tekur enn meira til sín en áður. Ljóst er að skólinn þarf að fækka nemendum þrátt fyrir meiri aðsókn en nokkru sinni fyrr. Leikskólabrú verður lögð niður að lokinni haustönn.

Skólanefnd harmar að skólinn þurfi að leggja niður leikskólabrú. Bent er á að allmargir nemendur á leikskólabrúnni eru brottfallsnemendur og hlutfall innflytjenda er tiltölulega hátt. Þessir nemendur koma úr skólaumhverfi og vilja nota tækifærið og stunda nám sem þeim býðst í að öðlast meiri færni í starfi. Á það skal bent að allmargir þessara nemenda hafa haldið áfram námi við háskólana í leikskólakennarafræðum og þroskaþjálfun og skila sér síðan aftur inn í skólasamfélagið. Á skólaárinu 2016 – 2017 luku 14 nemendur námi af brautinni.

### **2. Innritun á haustönn 2017**

Yfirlit yfir innritunartölur nýnema fyrir haustönn 2017 höfðu verið sendar fundarmönnum. Metaðsókn var að skólanum og þurfti að neita allmörgum um skólavist.

### **3. Breytingar á starfsmannamálum**

Breytingar á starfsmannamálum eru allnokkrar. Tveir kennarar og skólameistari komu úr námsorlofi og tveir kennarar verða í námsorlofi þetta skólaár. Nokkrir starfsmenn luku störfum í lok vorannar. Nokkrir nýir kennarar og tveir skólaliðar bætast við starfsmannahópinn nú í upphafi haustannar.

### **4. Breyting skólaársins í þrjár annir**

Í máli skólameistara kom fram að hugmyndir að breytingu í 3ja anna kerfi hafa verið ræddar í nokkrar annir innan skólans. Nefnd mun taka til starfa nú á haustmánuðum og er hlutverk hennar að skoða möguleikana á slíkri breytingu. Samráð verði haft við Kennarasamband Íslands svo og alla starfsmenn og fulltrúa nemenda. Stefna skólameistara er að fara í þessar breytingar en þær verða ekki gerðar án samráðs og samþykkis starfsfólks. Skólinn mun breytast í 3ja anna skóla á haustönn 2018 ef breytingin verður gerð á annað borð.

Skólanefnd fagnar því að þessi vinna sé komin af stað og að samráðs sé gætt við alla sem hlut eiga að máli.

Fundi slitið kl.13:00.

**Næsti fundur: Samkvæmt skipulagi verður næsti fundur 10. október kl.11:45.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.